

Fimmtudaginn 6. október 1983.

Nr. 115/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Kristbirni Árnasyni**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Fjárdráttur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Málinu var af ákærvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, en jafnframt var krafist þyngingar refsingar.

Ágrip barst Hæstarétti 10. ágúst 1983.

Sem atvinnurekanda bar Lukkuhúsinu h/f að innheimta opinber gjöld af starfsmönnum sínum og standa viðkomandi innheimtustofnun skil á innheimtu fé í samræmi við ákvæði laga nr. 40/1978 og laga nr. 73/1980. Varðandi gjöld Óðins Snorrasonar fór Lukkuhúsið h/f með innheimtuumboð fyrir Gjaldkheimtuna í Reykjavík. Er ákærði skráði frádrátt vegna útsvars Óðins Snorrasonar á launa-seðil hans, en hann gildir sem kvittun gagnvart gjaldandanum, svipti hann Gjaldheimtuna í Reykjavík rétti á hendur gjaldandanum fyrir sömu fjárhæð. Hefur hann með því að standa Gjaldheimtunni ekki skil á fénu brotið gegn 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga, en rétt þykir með hliðsjón af sakavottorði og málavöxtum að fresta fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður að 2 árum liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristbjörn Árnason, sæti fangelsi 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Kjósarsýslu 30. desember 1982.**

Árið 1982, fimmtudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 186/1981: Ákærvaldið gegn Kristbirni Árnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 1. febrúar 1982, höfðað gegn Kristbirni Árnasyni húsgagnasmið, Borgartanga 2, Mosfellssveit, fyrir að vanrækja að standa Gjaldheimtunni í Reykjavík skil á kr. 2.712.56, sem haldið var eftir af launum Óðins Snorrasonar hjá Lukkuhúsinu h/f, Smiðjuvegi 44, Kópavogi, til greiðslu opinberra gjalda þann 23. júní 1981 og þannig dregið fyrirtækinu þetta fé, en ákærði var þá framkvæmdastjóri þess og prókúruhafi og sá um að halda gjöldunum eftir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 8. nóvember 1945 í Reykjavík, og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1976 7/1 í Kópavogi: Sátt 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. alm. hegningarlaga, en sumpart við 261. gr. sömu laga.

*Málavextir.*

Með bréfi Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dags. 20. júní 1981, til rannsóknarlögreglu ríkisins er það atferli kært sem brot á 247. gr. almennra

hegningarlaga, að haldið var eftir kr. 2.713.00 auk kr. 515.00 í dráttarvexti af launum Óðins Snorrasonar (6706-7398) hjá Lukkuhúsinu h/f, Smiðjuvegi 44, Kópavogi, og því ekki skilað til Gjaldheimtunnar í Reykjavík þrátt fyrir áskoranir þar um.

Ákærði var á þessum tíma framkvæmdastjóri Lukkuhússins h/f og með prókúruumboð fyrir það. Óðinn Snorrason hafði ráðist til vinnu hjá fyrirtækinu í desember 1980 og vann við lökkun o. fl. Ákærði kvað Óðin ekki hafa stundað vinnuna reglulega, mætt illa og afsakað sig með veikindum. Ákærði kvaðst hafa reynt að ná til Óðins í þessum veikindaforföllum hans, en þá komið í ljós, að hann var ekki heima og veikindin voru yfirskin. Honum var því sagt upp vinnunni með viku fyrirvara í janúar 1981. Óðinn hafði ekki verið sáttur við þetta og gert kröfur um laun í hálfan mánuð vegna veikinda og verið með læti í því sambandi.

Ákærði varð fyrir slysi í byrjun árs 1981 og var þess vegna fjarverandi frá fyrirtækinu frá 20. febrúar fram yfir miðjan júní, að hann kom til starfa aftur. Hann kvaðst þá hafa fljótlega gert sér grein fyrir, að staða fyrirtækisins var slæm, og ekki virtist grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri, nema auknu fjármagni væri veitt inn í reksturinn. Um sama leyti hafði Óðinn verið á ferðinni með kröfur sínar um laun í hálfan mánuð vegna veikinda. Hann kvað í raun ekki hafa verið grundvöll fyrir kröfum Óðins, en hann viljað greiða þær til að losna við öll frekari leiðindi. Ekki hafi verið til á þessum tíma, 23. júní, neindir peningar í fyrirtækinu og Óðinn þá óskað eftir að fá greiðsluna í formi kvittunar fyrir opinber gjöld. Ákærði kvaðst hafa gert þetta, þó að hann væri ekki hrifinn af því, en vonast til, að meðeigendur hans í fyrirtækinu mundu leggja meira fé í það, svo sem hann taldi sig hafa viljrði frá þeim um, eftir að hafa rætt við þá um svipað leyti. Hann kvað svo ekki hafa verið unnt að gera skil til Gjaldheimtunnar á því, sem tekið hafi verið af Óðni upp í opinber gjöld, þar sem staða fyrirtækisins hafi ekki batnað og hann ekki fengið hluthafa til að leggja í það meira fé og þeir ekki verið tilbúnir að halda rekstrinum áfram.

Ákærði kvaðst hafa gert öðrum stjórnarmönnum, þ. e. Sigurði Friðmannssyni og Hreini Jónassyni, ásamt lögfræðingi fyrirtækisins, Guðmundi Þórðarsyni, ljósa stöðu málsins, að þarna væri um að ræða skuld, sem yrði að greiða, og þeim öllum verið ljóst, hvernig ákærði hafi gengið frá þessu máli Óðins Snorrasonar.

Teknar voru skýrslur af framangreindum mönnum hjá rannsóknarlög-reglu ríkisins nema Sigurði, sem fórst í flugslysi 4. okt. 1981. Þeir kannast ekki við að hafa vitað um þessa skuld vegna Óðins né hvernig hún var til komin né að hafa samþykkt þessar aðgerðir ákærða.

Af gögnum málsins verður ráðið, að rekstri Lukkuhússins hafi verið

haldið áfram til um 20. ágúst 1981, nokkru eftir það stóð til að taka það til gjaldþrotaskipta, sem ekki mun þó hafa orðið af.

Ákærði hefur ekki greitt skuldina við Gjaldheimtuna undir rekstri máls þessa né hafa meðeigendur hans að Lukkuhúsinu h/f gert það.

Ljóst er, að ákærði ber ábyrgð á því sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi Lukkuhússins h/f að halda eftir af launum Óðins Snorrasonar fyrir opinberum gjöldum, sem nam upphæð áður nefndrar kvittunar, kr. 2.713.00, án þess að gera skil á fé þessu til Gjaldheimtunnar. Rekstri fyrirtækisins var haldið áfram í a. m. k. 2 mánuði, eftir að kvittunin var gefin út, og bar ákærða að halda þessu fé aðgreindu frá öðru fé fyrirtækisins og gera skil á því til Gjaldheimtunnar. Hafi peningar ekki í reynd verið til, um leið og kvittunin var út gefinn, þá má ljóst vera, að á þessu 2ja mán. tímabili hafi komið inn í reksturinn fé, sem ákærða bar þá að halda sér, þar sem það var eign Gjaldheimtunnar, en lætur það í þess stað ganga til rekstursins, meðan honum var áfram haldið.

Með atferli þessu hefur ákærði gerst brotlegur við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindu refsíákvæði og með hliðsjón af 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, hæfilega ákveðin þannig, að ákærði greiði í sekt til ríkissjóðs krónur 6.000.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dómsins, og enn fremur sæti hann fangelsi í 20 daga, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristbjörn Árnason, greiði í sekt til ríkissjóðs krónur 6.000.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti enn fremur fangelsi í 20 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.